

[Stefna guðfræðideildar](#)

Meginmál vefsíðu:

[Fara efst a síðu](#)

Stefna guðfræðideildar Háskóla Íslands 2006-2011

Ávarp deildarforseta

Guðfræðideild telst elst deilda Háskóla Íslands þar eð hún er arftaki Prestaskólans sem var elstur þeirra embættismannaskóla sem mynduðu Háskólann í upphafi en Prestaskólinn tók til starfa 1847. Hinir embættismannaskólarnir, Læknaskólinn og Lagaskólinn, urðu læknadeild og lagadeild en forsvarsmenn Prestaskólans lögðu ekki til að hann yrði „prestadeild“ heldur guðfræðideild. Þar með vildu þeir áréttta að „hin guðfræðislegu vísindi“, eins og fræðin voru nefnd, væru aðalsmerki deildarinnar og kandidatar frá henni ættu að vera færir bæði til að sinna fræðilegum verkefnum og gegna mismunandi störfum í samfélaginu. Þó að nám í guðfræðideild hafi lengst af miðast við að mennta presta hefur nám í guðfræði engu að síður þótt vera góð undirstaða og guðfræðingar hafa gegnt ótrúlega mörgum störfum í samfélaginu fram á þennan dag.

Á þessu ári er raunar þörf á að minnst þess að saga guðfræðideildar og Háskóla Íslands í heild spannar víðara svið en árabilið frá 1911 eða 1847. Í ár eru liðin 950 ár frá því að biskupsstóllinn í Skálholti var settur á laggirnar og 900 ár eru liðin frá stofnun Hólastóls. Skólar voru á biskupsstólunum frá öndverðu svo að við Íslendingar eigum 950 ára samfellda skólasögu. Háskóli Íslands er einn arftaki hinna fornu stólsskóla og þá ekki síst guðfræðideild hans. Menntun stendur djúpum rótum í menningarjarðvegi Íslendinga og þar skipar hin kristna arfleifð mjög veglegan sess.

Á tímum vaxandi fjölmenningar eru trúarbrögð enn mikilvæg og bendir margt til þess að trúarleg umræða muni setja mark sitt á þjóðfélagslega umræðu á 21. öldinni í ríkara mæli en menn gerðu sér grein fyrir á síðustu öld. Þess vegna vill guðfræðideild horfa fram á við og bjóða fram þjónustu sína bæði til þess að efla og ávaxta þann mikla arf sem er fólgin í kristinni trú þjóðarinnar og eins stuðla að því í starfi sínu að hægt sé að halda uppi málefnalegri umræðu um trú og trúarbrögð í íslensku samfélagi framtíðarinnar. Fræðileg umræða og vísindaleg vinnubrögð geta fyrir sitt leyti stuðlað að því að efla sátt og einingu milli ólíkra trúarhópa. Reynsla nágrannaþjóðanna sýnir að þess er mikil þörf í nútímaþjóðfélagi. Til þess að svo megi verða býður guðfræðideild fram krafta sína.

Einar Sigurbjörnsson, deildarforseti

1. Deildin í hnotskurn

Í guðfræðideild er fjölbreytt námsframboð. Auk þess að leggja stund á hefðbundnar greinar guðfræðinnar kosta starfsmenn deildarinnar kapps um að mæta þörfum fjölmenningslegs samfélags. Árið 2000 var í því skyni sett á laggirnar þverfaglegt nám í almennum trúarbragðafræðum. Árið 2006 fékk deildin heimild til að skipuleggja nám til kennsluréttinda í kristnum fræðum og almennum trúarbragðafræðum. Nú eru í boði níu mismunandi námsleiðir við deildina.

Guðfræðideild vill leggja sitt af mörkum til að auka skilning samtímans á trúarlegum menningarverðmætum og til að samræða um trúarbrögð í samfélaginu sé málefnaleg.

Guðfræðistofnun er vísindaleg rannsóknarstofnun sem starfar innan vébanda guðfræðideildar. Stofnunin er leiðandi í rannsóknum á íslenskum trúararfi og leggur jafnframt ríka áherslu á samstarf við erlendar rannsóknarstofnanir og fræðimenn.

Kennarar eru átta talsins. Þeir eru virkir í rannsóknum. Á árabílinu 2000-2003 var meðaltal rannsóknarstiga í guðfræðideild einu sinni hæst innan Háskóla Íslands (2001 er það var 47 stig á mótí 22). Hín árin var guðfræðideild númer þrjú af deildum Háskólans. Árið 2004 var deildin hins vegar í áttunda sæti (með meðaltalið 18 á mótí 25). Hér var þó um tímabundna niðursveiflu að ræða sem alltaf getur átt sér stað í svo fámennum kennarahópi. 2005 var meðaltal rannsóknarstiga í guðfræðideild 38.

Deildin gegnir mikilvægu jafnréttishlutverki sem kemur fram í því að 2/3 stúdenta í grunnámi og helmingur í rannsóknarnámi eru konur. Þá eru konur í miklum meirihluta í djáknanámi. Ennfremur er meðalaldur stúdenta hár en 40% stúdenta í grunnnámi eru 35 ára eða eldri. Ljóst er því að námsframboð deildarinnar höfðar til kvenna sem hafa beðið með háskólanám, valið stutt nám eða hafið nám á nýjum vettvangi. Margar eiga þessar konur erfitt með að skila fullum námsafköstum vegna annarra skuldbindinga. Leiðir það til hægrar námsframvindu og eykur brottfall og þar með fjárhagserfiðleika deildarinnar. Deildin vill þó áfram mæta þörfum og væntingum þessarra kvenna.

2. Framtíðarsýn

Guðfræðideild stefnir að því að árið 2011 verði stundaðar öflugar rannsóknir á öllum fræðasviðum guðfræði og trúarbragðafræða. Sértaflega skulu þverfaglegar rannsóknir eflar, sem og rannsóknir sem stundaðar eru í samræðu við samfélag og menningu. Guðfræðideild sér fyrir sér mikla rannsóknasamvinnu við erlenda háskóla og fræðimenn. Deildin stefnir að því að brautskrá reglulega doktora. Hún vill stuðla að góðu rannsóknarumhverfi og tryggja fjármögnun rannsókna m.a. með aukinni sókn í innlenda og erlenda samkeppnissjóði og aukinni þátttöku í fjölþjóðlegum samstarfsnetum.

Árið 2011 vill deildin sjá á þriðja hundrað virkra nemenda í námi, þar af á annan tug doktorsnema. Hún sér fyrir sér öfluga símenntun, einstaklingsmiðað nám, forstöðumenn á hverju fræðasviði og samtal og samvinnu á milli fræðasviða innan háskólasamfélagsins. Skal því stefnt að ráðningu í kennarastöður á sviði almennta trúarbragðafræða og guðfræðilegrar siðfræði.

Guðfræðideild vill taka virkan þátt í þeim breytingum sem framundan kunna að vera á skipulagi og stjórnkerfi Háskóla Íslands til 2011. Þrátt fyrir þær breytingar sem kunna að verða á þessum sviðum vill deildin standa vörð um fjölbreytt fræðasvið sitt sem eitt samfellt fræðasvið og varðveita faglegt sjálfstæði sitt og ábyrgð.

Guðfræðideild vill efla þær níu námsleiðir sem eru til boða við deildina og leitast við að fjölga þeim. Fyrir 2011 stefnir hún að því að mögulegt verði að ljúka 30-45 ein. diplomanámi í

sálgæslufræðum við deildina.

Árið 2011 skal komin á góð stoðþjónusta við rannsóknir og kennslu, m.a. með virkum doktorsseminörum á hverju fræðasviði eða þverfagleg semínör á fleiri en einu sviði.

Árið 2011 skal öflugt markaðs- og kynningarstarf vera komið á við deildina. Stefnt skal að eflingu þess þegar á vormisseri 2007 með markvissu kynningarátaki fyrir útskriftarnema framhaldsskólanna. Þá verður heimasíða deildarinnar endurnýjuð og hún gerð aðgengileg bæði á íslensku og ensku. Í því skyni hyggst deildin leita eftir sérfræðilegri aðstoð og fjárhagslegum stuðningi innan Háskóla Íslands

Árið 2011 skal samstarfssamningur við Þjóðkirkjuna tryggja greiðslu fyrir tvær stöður kennara í kennimannlegri guðfræði.

Árið 2011 skulu samskipti við erlenda háskóla hafa aukist, bæði rannsóknasamvinna, kennara- og stúdentaskipti.

Árið 2011 skulu tengsl við atvinnulífið hafa eflst, m.a. á sviði trúarbragðafræða og fjölmenningar.

Guðfræðideild mun leita til fjársterkra aðila um að styrkja starf deildarinnar. Í því skyni skal stofnuð sérstök fjármögnunarnefnd á yfirstandandi háskólári og hún leggja fram starfsáætlun sína til 2011.

3. Gildi

Guðfræðideild vill standa vörð um grunnildi þau sem sett eru fram í *Stefnu Háskóla Íslands 2006-2011*.

Í rannsóknum vill deildin leitast við að sýna frumleika, virða frelsi og sýna fagleg vinnubrögð. Hún vill takast á við krefjandi verkefni sem í senn eru fræðileg og hagnýt en jafnframt leitast við að vera gagnrýnin og ögrandi. Hún vill efla samstarf við aðrar fræðigreinar innan Háskóla Íslands og við erlendar rannsóknarstofnanir á sviði guðfræði og trúarbragðafræða.

Í kennslu vill guðfræðideild leitast við að beita fjölbreyttum kennsluháttum, vera hvetjandi, þjálfa stúdenta í vísindalegum vinnubrögðum og auðsýna ábyrgð og efla samræður.

Viðvíkjandi stjórnun og stoðþjónustu vill guðfræðideild leitast við að auðsýna réttlæti, efla trúnað og traust, hafa reglufestu í heiðri, virða samábyrgð og jafningjastjórnun, hvetja til metnaðar, árangurs og skilvirkni, auðsýna sanngirni og víðsýni. Stjórnun þarf að vera gagnsæ, einstaklingsmiðuð og hvetja til framsækni.

Á öllum sviðum vill guðfræðideild leitast við að sýna faglegan metnað, skilning, víðsýni, framsýni, virðingu og örlæti.

Guðfræðideild leggur áherslu á jafnrétti kynjanna.

4. Markmið og aðgerðir guðfræðideildar 2006-2011

Aðalmarkmið

1 Framúrskarandi rannsóknir

Guðfræðideild Háskóla Íslands þjónar íslensku samfélagi með því að efla rannsóknir á sviði

guðfræði og trúarbragðafræða sem standast alþjóðleg viðmið. Höfuðáhersla í rannsóknum guðfræðideildar verður að rannsaka tengsl trúar og sögu, menningar og samfélags, í samvinnu við aðrar vísindagreinar.

2 Framúrskarandi kennsla

Guðfræðideild Háskóla Íslands þjónar samfélaginu og þörfum þess fyrir menntun á heimsmeðlíkvarða með því að veita nemendum sínum framúrskarandi kennslu í tengslum við rannsóknastarf deildarinnar.

3 Framúrskarandi stjórnun og stoðþjónusta

Guðfræðideild Háskóla Íslands ætlar að styðja vel við rannsóknir og kennslu með skilvirkum stjórnkerfi, góðri stoðþjónustu og öflugum gæðakerfi sem veiti starfsfólki bestu þjónustu og stuðning og stuðli að því að nemendur nái námsmarkmiðum sínum.

1 Framúrskarandi rannsóknir

Guðfræðideild Háskóla Íslands vill efla rannsóknir sem standast alþjóðleg viðmið á sviði guðfræði og trúarbragðafræða. Höfuðáhersla í rannsóknum guðfræðideildar verður að rannsaka tengsl trúar og sögu, menningar og samfélags í samvinnu við aðrar vísindagreinar.

Í því skyni mun guðfræðideild leitast við að

- móta fyrir lok háskólaársins 2007-2008 rannsóknarstefnu sem þjónar íslensku samfélagi
- efla doktorsnám og brautskrá 6 doktora fram til 2011
- brautskrá 12 kandidata í rannsóknatengdu MA-námi fram til 2011.

Á tímabilinu 2007-2011 mun guðfræðideild leitast við að

- samþætta kynjafræði öðrum rannsóknum
- efla Guðfræðistofnun og fjölga rannsóknarstofum
- efla samstarf fræðigreina innan Háskóla Íslands
- efla samstarf við innlenda háskóla og rannsóknarstofnanir
- efla alþjóðlegt rannsóknasamstarf.
- efla rannsóknir í almennum trúarbragðafræðum með áherslu á samfélag og fjölmenningu í samstarfi við fyrirtæki og stofnanir
- efla rannsóknir á sviði kærleiksþjónustu (díakoníu) m.t.t. samfélagsábyrgðar
- efla rannsóknir á sviði áfallahjálpar í samstarfi við hlutaðeigandi aðila
- fjölga birtingum rannsóknarniðurstaðna á innlendum og erlendum ritrýndum vettvangi

Á tímabilinu 2007-2011 vill guðfræðideild ennfremur leitast við að

- fjórfalda upphæð til kaupa á tímaritum
- afla aukins fjár til kaupa á fræðibókum
- afla fjár til að styrkja útgáfu á fræðiritum

2 Framúrskarandi kennsla

Guðfræðideild Háskóla Íslands þjónar samfélaginu og þörfum þess fyrir menntun á sviði guðfræði og trúarbragðafræða með því að veita nemendum sínum framúrskarandi kennslu í tengslum við rannsóknastarf deildarinnar.

Í því skyni mun guðfræðideild leitast við að

- móta fyrir lok háskólaársins 2008-2009 kennslustefnu sem þjónar íslensku samfélagi.

Á tímabilinu 2007-2011 mun guðfræðideild leitast við að

- auka námsframboð og fjölga námsleiðum
- ráða kennara í almennum trúarbragðafræðum og guðfræðilegri siðfræði
- bæta starfsaðstæður nemenda
- bæta starfsaðstæður kennara með aukinni skrifstofuþjónustu og starfsaðstöðu fyrir stundakennara
- efla gæðakerfi kennslu
- auka möguleika á nemenda- og kennaraskiptum við erlendar guðfræðideildir

Á tímabilinu 2007-2011 mun guðfræðideild ennfremur leitast við að fjölga stúdentum m.a. með því að

- kynna nemendum úr öðrum deildum og háskólum námsframboð deildarinnar sem nýtast kynni í námi þeirra
- fjölga þverfaglegum námsleiðum
- koma í veg fyrir brottfall og stuðla að reglulegri námsframvindu nemenda m.a. með því að koma fastri skipan á nám stúdenta í hlutanámi
- skipuleggja M. Paed. nám og diplománám í sál-gæslufræðum
- auka kennslu í almennum trúarbragðafræðum með áherslu á samfélag og fjölmenningu í samstarfi við fyrirtæki og stofnanir
- auka kennslu á sviði áfallahjálpar í samstarfi við hlutaðeigandi aðila
- auka kennslu á sviði kærleiksþjónustu
- efla starfsmenntun sem tekur mið af íslenskum aðstæðum.

3 Framúrskarandi stjórnun og stoðþjónusta

Guðfræðideild Háskóla Íslands ætlar að styðja vel við rannsóknir og kennslu með skilvirkri stjórnkerfi, góðri stoðþjónustu og öflugum gæðakerfi sem veiti starfsfólki bestu þjónustu og stuðning og stuðli að því að nemendur nái námsmarkmiðum sínum.

Í því skyni mun guðfræðideild á tímabilinu 2007-2011 leitast við að

verða leiðandi sem álitsgjafi um siðferðileg álitamál og álitamál tengd fjölmenningu hefja samræður við yfirvöld menntamála og stjórnendur framhaldsskóla um nám í trúarbragðafræðum á framhaldsskólastigi tengja rannsóknarhópin um guðfræði og kvikmyndir *Deus ex cinema* formlega við Guðfræðistofnun og styrkja hann sem alþjóðlega viðurkennda fræðastofnun stuðla að fjölgun rannsóknarhópa

taka frumkvæði að skapandi samstarfi við lista- og menningarstofnanir mynda gagnagrunn um trúarbrögð og trúarhópa

að auka sértekjur deildarinnar með því að

- efla samstarf við Þjóðkirkjuna
- stofna til samstarfs við heilbrigðis- og menntastofnanir sem og aðrar opinberar stofnanir sem glíma við siðferðileg álitamál eða álitamál tengd fjölmenningu
- hefja formlegt samstarf við aðila atvinnulífsins á ofangreindum sviðum
- efla símenntun fyrir starfsfólk Þjóðkirkjunnar, sem og aðrar fagstéttir
- efla fullorðinsfræðslu m.a. í samstarfi við Leikmannaskóla Þjóðkirkjunnar

efla innlent og erlent samstarf

- fjölga erlendum fyrirlesurum og gestaprófessorum
- fjölga erlendum nemendum
- fjölga samstarfssamningum við innlenda og erlenda aðila
- efla þátttöku í samstarfsnetum
- halda uppi öflugri kynningu á rannsóknum og námi við deildina

5. Framkvæmd og eftirfylgni

Deildarforseti ber ábyrgð á framkvæmd stefnunnar og gerir deildarfundir reglulega grein fyrir gangi mála. Stefna deildarinnar er nánar útfærð í framkvæmdaáætlun sem verður uppfærð árlega.

Deildarfundur skipar nefnd til að fylgja eftir framkvæmd stefnunnar og endurskoða hana eftir þörfum. Nefndin vinnur náið með deildarforseta, gerir athugasemdir við framgang einstakra stefnumála og leggur fram tillögur um næstu skref.

Farið verður reglubundið yfir markmiðasetningu með rektor og fulltrúum úr stjórnslu Háskólans. Framvinda markmiða og aðgerða verður kynnt reglulega.